



UMHVERFISSTOFNUN

Flug felld undir viðskiptakerfi ESB með
losunarheimildir frá 1. janúar 2012

Kynningarfundur með flugrekendum
14. júlí 2009



Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

- Komið á fót með tilskipun 2003/87/EB, sbr. tilskipun 2004/101/EB.
- Þrjú viðskiptatímabil:
 - 2005-2007
 - 2008-2012
 - 2013-2020
- Viðskiptakerfinu er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum hætti.
- Undir kerfið fellur nú orkuframleiðsla og ýmis iðnaðarstarfsemi.

**Tilskipun 2008/101/EB fellir flug undir
viðskiptakerfið frá 1. janúar 2012.**



Tilskipun 2008/101/EB

- Losun koldíoxíðs frá flugi háð losunarheimildum frá og með 1. janúar 2012.
- Takmarkið að draga úr losun koldíoxíðs frá flugstarfsemi ...
 - um 3% á tímabilinu 1. janúar 2012 til 31. desember 2012
 - um 5% á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020... miðað við meðaltalslosun á árunum 2004-2006 (sögulega losun).



Um hvaða starfsemi er að ræða?

- Öll flugstarfsemi innan ESB og inn og út úr ESB.
 - Mun einnig eiga við um EES-svæðið ef tilskipunin verður tekin upp í EES-samninginn.
- Hvaða flugrekendur hér á landi?
 - Íslenskir flugrekendur sem starfa á ESB-svæðinu.
Fallu undir kerfið óháð innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi!
 - Flugrekendur sem fljúga innanlands eða milli Íslands og ríkja utan ESB (þ.á m. Noregs, Grænlands, Færeyja og Sviss).
Háð því að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn.



Undanskilin starfsemi

- Flutningur þjóðhöfðingja og ríkisstjórna frá ríkjum utan bandalagsins
- Hernaðar-, tollgæslu- og löggæsluflug
- Leitar- og björgunarflug
- Flug með minna en 5.700 kg flugtaksþunga
- Flugstarfsemi aðila sem stunda flugrekstur *í atvinnuskyni* ef þeir fara annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili af þremur samliggjandi fjögurra mánaða tímabilum eða ef flugferðir þeirra leiða til losunar sem nemur minna en 10.000 tonnum á ári
- O.fl.

- *Sjá nánar viðauka I við tilskipunina*

- Flugrekendur eru hvattir til að kanna hvort starfsemi þeirra er undanskilin.



Ábyrgðarríki

- Sérhver flugrekandi fellur undir tiltekið ábyrgðarríki, sem ber ábyrgð á að framkvæma kröfur tilskipunarinnar gagnvart honum.
- Niðurröðun flugrekenda á ábyrgðarríki:
 - Flugrekendur með flugrekstrarleyfi útgefið af ESB-ríki:
 - Ríkið sem gaf viðkomandi flugrekstrarleyfi út.
 - Flugrekendur frá ríkjum utan ESB:
 - Ríkið sem rekja má stærstan hluta losunar viðkomandi flugrekanda til á árinu 2006 (eða á fyrsta rekstrarári flugrekanda).



- Bráðabirgðalisti framkvæmdastjórnarinnar (11. feb. 2009)
 - Miðast við starfsemi flugrekenda á ESB-svæðinu árið 2006.
 - Íslenskir flugrekendur á listanum:

| | |
|--------------------------------|-------------|
| <u>Mýflug</u> | (Danmörk) |
| <u>Bluebird Cargo</u> | (Þýskaland) |
| <u>Air Atlanta</u> | (Bretland) |
| <u>Ernir</u> | (Bretland) |
| <u>Icejet (2)</u> | (Bretland) |
| <u>Iceland Coast Guard</u> | (Bretland) |
| <u>Icelandair</u> | (Bretland) |
| <u>Primera Air (áður JetX)</u> | (Bretland) |

Verði tilskipunin tekin upp í EES-samninginn verður staða þessara flugrekenda endurskoðuð.



Losunarheimildir í flugi

- Flugrekendum ber fyrir 30. apríl ár hvert að skila til lögbærra yfirvalda í ábyrgðarríki losunarheimildum sem samsvara losun koldíoxíðs frá starfseminni á liðnu almanaksári.
 - Ein losunarheimild = eitt tonn koldíoxíðs
- Hvernig geta flugrekendur aflað losunarheimilda?
 1. Endurgjaldslaus úthlutun yfirvalda í ábyrgðarríki
 2. Uppboð á vegum ríkja bandalagsins
 3. Þátttaka í loftslagsvænum verkefnum Kýótó-bókunarinnar
 4. Viðskipti á evrópska markaðnum með losunarheimildir



Endurgjaldslaus úthlutun

- Fram til ársloka 2020 verður 85% losunarheimilda í ESB úthlutað ókeypis til flugrekenda.
- Umsókn
 - Skal berast lögbæru yfirvaldi í ábyrgðarríki.
 - Umsóknarfrestur 31. mars 2011.
 - Vottaðar upplýsingar um tonn-kílómetra vegna flugstarfsemi viðkomandi flugrekanda árið 2010.
- Upplýsingasöfnun skal vera í samræmi við eftirlitsáætlun.
 - Skilafrestur eftirlitsáætlana er 31. ágúst 2009.
 - **Skil eftirlitsáætlunar og upplýsingasöfnun frá 1. janúar 2010 er forsenda endurgjaldslausrar úthlutunar.**
 - Flugrekendur hvattir til að skila áætlun í tæka tíð, einnig þeir sem enn eru ekki orðnir þátttakendur í kerfinu.



Á hverju byggist frí úthlutun?

- Losunarheimildum er úthlutað samkvæmt árangursviðmiði (benchmark).
- Sama árangursviðmið fyrir alla flugrekendur í kerfinu.
- Skilgreint sem losunarheimildir á tonn-kílómetra.

Árangursviðmið
(losunarh./tonn-km)

=

heildarfjöldi losunarheimilda
til endurgjaldslausrar úthlutunar

samtala tonn-kílómetrafjölda
árið 2010 (samkvæmt umsóknum)



Nýir flugrekendur / aukin starfsemi

- 3% af heildarfjölda losunarheimilda í ESB skulu sett í sjóð fyrir
 - a) flugrekendur sem hefja flugstarfsemi eftir að úthlutun er ákveðin,
 - b) flugrekendur sem auka losun að meðaltali um meira en 18% á ári milli 2010 og 2014.
- Gildir aðeins um tímabilið 2013-2020 og eftirfarandi tímabil.
- Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum að flugstarfsemi sé ekki að hluta til eða í heild áframhald á flugstarfsemi annars flugrekanda.
- Úthlutað endurgjaldslaust samkvæmt tilteknum árangursviðmiðum.



Uppboð losunarheimilda

- 15% af heildarfjölda losunarheimilda í bandalaginu skulu boðnar upp.
- Fjöldi losunarheimilda sem hvert aðildarríki getur boðið upp ræðst af hlutfalli viðkomandi ríkis í heildarlosun CO₂ frá flugstarfsemi í bandalaginu árið 2010.
- Nánari reglur um uppboð verða samþykktar síðar.





Skráning losunarheimilda og viðskipti

- Losunarheimildir skráðar í rafrænu skráningarkerfi á vegum Umhverfisstofnunar.
 - Eins konar bankakerfi – hver flugrekandi á sinn reikning.
- Frjáls viðskipti á sameiginlega markaðnum
 - Flugrekendur sem heyra undir gildissvið tilskipunarinnar
 - Einstaklingar og fyrirtæki





Eftirlit, upplýsingagjöf og vottun

- Eftirlitsáætlun flugrekanda
 - Eftirlit og upplýsingagjöf um losun koldíoxíðs og aðra þætti í starfsemi flugrekanda.
- Árleg skýrsla um losun frá starfsemi flugrekanda
- Upplýsingar þurfa að vera vottaðar af óháðum vottunaraðila.





Viðurlög

- Flugrekandi skilar ekki nægilegum fjölda losunarheimilda:
 - Skil á þeim fjölda losunarheimilda sem vantar
 - 100 evra sekt fyrir hverja losunarheimild sem vantar
 - Opinber birting á nafni flugrekanda
- Ef flugrekandi fullnægir ekki kröfum tilskipunarinnar og ekki hefur tekist að knýja fram efndir með öðrum vanefndaúrræðum má aðildarríkið óska eftir því að framkvæmdastjórnin banni flugrekstur viðkomandi flugrekanda.



NJÓTUM UMHVERFISINS OG
STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN